

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 241/2019

frá 27. september 2019

### um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 16. maí 2018 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5er (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/419) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5es. **32018 D 0743**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 16. maí 2018 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 115).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/743, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 115.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Gunnar Pálsson***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING